

Skýrsla um starfsemi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar júní 2009 – júní 2010

Sýningar í safninu

Stund hjá Sigurjóni - Afmælisýning í Laugarnesi 21.10.08 – haust 2010
Sýning á verkum Sigurjóns er framlengd til hausts 2010.

Hver er maðurinn? 12.02.10 – haust 2010

LSÓ tók þátt í Safnanótt í Reykjavík 12. febrúar 2010 og var opið frá klukk-
an 19 til miðnættis. Í tilefni þess var sett upp portrettsýning með níu kunnum
Íslendingum og var gestum boðið að reyna að þekkja þá. Af þeim 36, sem svör-
uðu þá um kvöldið, gátu 18 sér rétt til um alla og voru þeim veittar viðurkenn-
ingar. Sýningin stendur óbreytt fram á haust og geta menn spreytt sig á henni.

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar tók þátt í Íslenska safnadeginum 12. júlí 2009
og veitt var leiðsögn um sýninguna og búsetulandslagið í Laugarnesi.

Í tilefni af Barnamenningarhátíð í Reykjavík var safnið opið Sumardaginn
fyrsta 2010 og boðið upp á sérstaka dagskrá fyrir börn í fylgd fullorðinna.

Sýningar utan safnsins

Ljósmyndasýning sem LSÓ gerði árið 2003 um verk Sigurjóns í opinberu rými
var sett upp í Almenningsbókasafninu á Stokkseyri í maí 2009 í tengslum við „Vor
í Árborg“.

Sumartónleikar

Sumartónleikar safnsins 2009 hófust 7. júlí og stóðu til 25. ágúst.
Á átta tónleikum sumarsins komu fram tólf íslenskir og fjórir erlendir
tónlistarmenn. Síðustu tónleikarnir sem áttu að vera 1. september féllu
niður vegna forfalla einleikarans. Eins og undanfarin ár var gefinn út
16 síðna litprentaður kynningarbæklingur á íslensku og ensku sem
dreift var á gististaði og ferðamannastaði og var einnig póstsendur til
fjölda einstaklinga. Aðsókn var góð og var mikill meiri hluti tónleika-
gesta íslenskur. Tónlistarsjóður styrkti sumartónleikana 2009.

Vegna minnkandi opinberra styrkja til að reka safnið lék lengi
vafi á hvort hægt yrði að halda Sumartónleika LSÓ 2010, en er stað-
fest var að Tónlistarsjóður myndi styrkja röðina var ákveðið að slá til. Auglýst var
eftir umsóknum að venju og bærust safninu 30 gildar umsóknir um þá 8 tónleika sem
í boði voru. Um miðjan mars 2010 var búið að vinna úr umsóknum, svara öllum um-
sækjendum og birta tónleikaröðina á netinu. Tónleikabæklingurinn 2010 er í vinnslu.
Hlíf Sigurjónsdóttir og Birgitta Spur sáu um að velja í tónleikaröðina.



Aðrir viðburðir í safninu

- 01.05.09 Tónleikar kammerhópsins Custos.
- 16.06.09 Úthlutun úr minningarsjóði Kristjáns Eldjárn gítarleikara.
- 17.08.09 Úthlutun úr minningarsjóði Jean Pierre Jacquillat.
- 17.09.09 Söngtónleikar Magnúsar Halls Jónssonar.
- 03.11.09 Útgáfutónleikar Árna Heiðars Karlssonar
- 18.11.09 Anna Klara Georgsdóttir hélt söngtónleika.

- 19.11.09 Tónleikar *Sígildrar brautar*, Tónlistarskóla FÍH.
- 24.03.10 Tónleikar sönghópsins *Góðir grannar*.
- 16.04.10 Burtfararprófstónleikar Valborgar Steingrímsdóttur.
- 24.04.10 Burtfararprófstónleikar Eyrúnar Arnarsdóttur.
- 08.05.10 Burtfararprófstónleikar Hjartar Ingva Jóhannssonar.
- 12.05.10 Menningarsjóður VISA úthlutar styrkjum.
- 22.05.10 Píanótónleikar Ragnheiðar Jónsdóttur.

Heimsókn í safnið

Mennta- og menningarmálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, heimsótti safnið 11. febrúar 2010 ásamt Karítas Gunnarsdóttur skrifstofustjóra, Kristínu Jónsdóttur skrifstofustjóra og Margréti Hallgrímsdóttur þjóðminjaverði og formanni Safnaráðs.

Sigurjóns minnst

Í janúarhefti *Norden Nu* 2009 birtist greinin „Birgitta Spur - Sigurjón Ólafsson Museet i Reykjavík er hendes livsværk - stor Islandsk udstilling på Frederiksborg Slot i Hillerød“ eftir Vibeke Nørgaard Nielsen og lýsir titillinn innihaldinu.

Gjafir

Á árinu 2009 barst safninu að gjöf áður óþekkt lágmynd úr gísi sem Sigurjón gerði í janúar 1929, á fyrsta námsári sínu í Kaupmannahöfn. Þetta er portrett af tveimur systur, Inger og Ingeborg Elna Margrethe Pedersen, dætrum Carlo Pedersen, sem var apótekari á Eyrarbakka á uppvaxtarárum Sigurjóns. Lágmyndin er gjöf frá Inger Olsen, sem fædd er Pedersen, og fjölskyldu hennar í Danmörku og fékk skráningarnúmerið LSÓ 191.



Safnkostur



Á árinu 2009 lét safnið gera bronsafsteypu af rismyndinni *Þrá*, LSÓ 234, og einnig tvær bronsafsteypur af frummynd fyrirVejde skúlptúrinn *Landbúnaður og Handiðn*, LSÓ 1064. Önnur þeirra er ætluð til endursölu.

Í árslok 2009 var listaverkæign safnsins 162 þrívíð verk og 240 teikningar, samtals 402 verk. Einkasafn Birgittu Spur og barna hennar lánar safninu að staðaldri 110 þrívíð verk.

Langtímalán

Eftirtaldir aðilar hafa listaverk úr umsjón safnsins að láni:

- ▶ Verkfræðistofan VERKÍ: *Nýtt líf*, LSÓ 103.
- ▶ Sundaborg: *Blómgun*, svartmálað tré, LSÓ 251, og *Bið að heilsa*, brons, LSÓ 073.
- ▶ Mennta- og menningarmálaráðuneytið: *Tveir bogar eða Hanar*, polyester, LSÓ 108.

Safnið geymir nokkur verk Sigurjóns sem aðrir eiga:

- ▶ *Reifabarn/Steinn Steinar*, granít, LSÓ 1137, í eigu Listasafns ASÍ.
- ▶ *Ásgrímur Jónsson*, brons, LSÓ 1089, í eigu FÍM.

Á lóð safnsins eru:

- ▶ *Faðmlög* frá 1949, LSÓ 1102, grágrýtismynd í eigu Listasafns Íslands.
- ▶ *Lágmynd* frá 1950, LSÓ 1104, grágrýtismynd í eigu Listasafns Íslands.
- ▶ *Jafnvægi*, LSÓ 1332, sem Reykjavíkurborg keypti árið 1992.

Ennfremur hefur Páll Guðmundsson á Húsafelli lánað höggmynd sína:

- ▶ *Hallgerður Langbrók* og er hún úti á lóð safnsins.

Munir í geymslu

Sem fyrr er meginhluti listaverka Sigurjóns geymdur í geymslu safnsins á Eyrarbakka. Lýður Pálsson safnstjóri Byggðasafns Árnesinga á Eyrarbakka hefur af mikilli velvild geymt eftirtalin verk í þjónustubyggingu byggðasafnsins þar: *Gríma* (LSÓ 229, gifsmynd, 130 cm há), *Fótboltamenn* (LSÓ 1374, stækkað gifsmodel), *Farfuglar* (LSÓ 067, úr frauðplasti), gifslíkan af *Folaldinu* (LSÓ 1170) og *Fótboltamaður* (LSÓ 004, úr gísi) en bronsafsteypa af þeirri mynd stendur við Listasafn Íslands.

Skráning, rannsóknir og miðlun

Listaverkaskrá Sigurjóns Ólafssonar er heildarskrá verka Sigurjóns, en ekki aðfangaskrá og er þannig ólík skráningarkerfum annarra safna. Öllum listaverkum Sigurjóns, innan safns sem utan, er gefið fast númer (LSÓ númer) sem gert er ráð fyrir að verði almenn tilvitnun í viðeigandi verk. Grunnur listaverkaskrárinnar er handskrifuð spjaldskrá safnsins, en önnur útgáfa hennar er á netinu, öllum aðgengileg. Reynt er að hafa sem nýjastar upplýsingar um verkin á báðum stöðum.


Á forsiðu vefskrárinnar er bent á að það sé kostur fyrir eigendur listaverka Sigurjóns „að fá verkið ljósmyndað og staðfest af starfslíði safnsins“. Viðbrögð við vefnum hafa verið góð og hafa safninu borist fyrirspurnir og ábendingar um listaverk og vitað er að vitnað hefur verið í skrána t.d. á listmunauppboðum.

Safnið hefur komið sér upp góðu safni stafrænna, prenthæfra ljósmynda af verkum Sigurjóns og því var það til dæmis tiltölulega einfalt að bregðast við óskum um fjölda ljósmynda af verkum Sigurjóns sem birtast munu í væntanlegu safnverki um íslenska listasögu. Bent skal á að myndir skannaðar í venjulegum borðskönnum eru almennt ekki taldar prenthæfar.

Lögð er áhersla á að upplýsingar um sýningar, tónleika og aðra viðburði séu uppfærðar og að þar megi einnig sjá öll frávik frá venjulegum opnunartíma safnsins. Netsíðurnar eru bæði á íslensku og ensku.

Starfsfólk Listasafnsins safnar til skráningar, eða skráir jafnóðum, því sem við kemur listaverkum Sigurjóns.

Í október 2009 sendi Héraðsskjalasafnið á Húsavík LSÓ ljósrit af 20 sendibréfum sem Sigurjón skrifaði kennara sínum Aðalsteini Sigmundssyni á árunum 1921–1932. Í bréfunum er ýmis fróðleikur, meðal annars tíma- og staðsetningar, sem áður höfðu verið á huldu, og eru þau því mikilvæg viðbót við bréfasafn Sigurjóns. LSÓ svaraði með að senda Héraðsskjalasafninu á Húsavík ljósrit af fimm bréfum frá Aðalsteini til Sigurjóns frá árunum 1930 til 1932.



Um verk Sigurjóns í opinberu rými

Sumarið 2009 voru lágmyndir Sigurjóns *Allir í leik* (LSÓ 1368) settar upp í Landsbankaútibúinu á Akranesi. Lágmyndir þessar vann Sigurjón upphaflega fyrir útibú Landsbankans að Laugavegi 77, en þær voru síðar fluttar í útibú Landsbankans að Lágmúla í Reykjavík.



Þann 25. júní 2009 var afhjúpuð andlitsmynd af Brynjólfi Bjarnasyni í aðalbyggingu Háskóla Íslands. Myndina gerði Sigurjón Ólafsson árið 1952 (LSÓ 1116) og er þessi bronsafsteypa gjöf tengdasonar Brynjólfs, Godtfred Vestergaard, til háskólans.

Þann 3. júní 2010 varð það óhapp að drengur í bekkjarferð á Laugarnesi felldi *Jafnvægi* (LSÓ 1332) af stalli sínum svo hún brotnaði. Mynd þessa keypti Reykjavíkurborg árið 1992, en lét hana standa áfram við safnið á Laugarnesi. Hafþóri Yngvasyni safnstjóra Listasafns Reykjavíkur var strax gert viðvart.


Ráðstefnur og safnaheimsóknir

Birgitta Spur tók þátt í Farskóla Félags íslenskra safnmanna og safna, FÍSOS, sem haldinn var á Hvolsvelli dagana 16.–18. september 2009. Hún sat einnig alþjóðlega ráðstefnu CECA, fræðsludeildar innan ICOM, sem haldin var í Reykjavík dagana 5.–10. október 2009. Til stóð að gestir ráðstefnunnar kæmu í kynningarheimsókn í Listasafn Sigurjóns, en af því varð ekki. LSÓ gaf því erlendu þátttakendum, sem voru 90 talsins, eintak af: *Sculptor Sigurjón Ólafsson and his Portraits*, sem var gefin út í tilefni af portrettsýningu Sigurjóns á Frederiksborgmuseet í Danmörku árið 2008.

Birgitta Spur sat alþjóðlega ráðstefnu sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið efndi til um *Nýsköpun og skapandi vinnu í höndum ungs fólks* dagana 2.–4. desember 2009. Einnig tók hún þátt í menningarþinginu *Menningarlandið 2010* sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið efndi til þann 30. apríl 2010.

Á liðnu starfsári heimsótti safnstjóri eftirtalin söfn í Danmörku: Statens Museum for Kunst og Kunstindustrimuseet í Kaupmannahöfn, Frederiksborgmuseet i Hillerød, Louisiana Museum for moderne kunst i Humlebæk, Esbjerg Kunstmuseum, ARoS - Aarhus Kunstmuseum, Plakatmuseet i Aarhus, KUNSTEN í Álaborg sem áður hét Nordjyllands Kunstmuseum og SAK, Svendborg Amts Kunstforening á Fjóni. Síðast nefnda safnið hefur óskað eftir aðstoð LSÓ við að gera íslenska listsýningu árið 2011.

Þjónustubygging safnsins



Lítið hefur miðað við þjónustubyggingu safnsins, mest vegna óvissu í fjármálum. Búið er að fjarlægja allar byggingar af væntanlegum byggingarreit.

Fjárhagsstaða

Síðastliðinn áratug hefur rekstrarstyrkur ríkissjóðs fylgt launavísitölu nokkuð vel, var 9.4 milljónir árið 2008 og árið 2009. Ríkissjóður lækkaði framlag sitt fyrir árið 2010 í 8.5 milljónir kr.

Safnasjóður, sem er á vegum Ríkissjóðs, veitti safninu rekstrarstyrk að upphæð 1.6 milljónir króna árið 2009 og skipti það sköpum fyrir rekstur þess. Safnasjóður hefur veitt safninu 1.5 milljónir árið 2010, þar af eina milljón til sérverkefna.

Reykjavíkurborg hefur einnig styrkt safnið frá upphafi, en ætíð nokkru lægra. Árið 1995 nam styrkurinn 2/3 af styrk ríkissjóðs, en hlutfallið var komið niður fyrir fjórðung árið 2009. Borgin hefur nú ákveðið 2 milljón króna framlag til safnsins árið 2010 og er það tæplega 30% niðurskurður frá fyrra ári.

Umhverfismál

Samkvæmt samþykkt aðalfundar 8. júní 2009 var boðað til fundar með helstu embættismönnum ríkis og borgar, sem fara með málefni fornleifaverndar, náttúruverndar og skipulagsmála, til að kynna þeim spjöll á landi borgarinnar í nágrenni safnsins. Fundurinn var haldinn 15. júní klukkan 9 að morgni. Auk félaga úr stjórn og fulltrúaráði LSÓ mættu á hann 14 aðilar frá helstu sviðum og stofnunum fyrrgreindra mála. Lagt var fram heftið *Jarðrask og spjöll í Laugarnesi*. Einhugur ríkti um að aðgerða væri þörf til að stöðva spjöllin og laga það sem hægt væri. Viku síðar, 22. júní var haldinn fundur í framkvæmdahópi fulltrúaráðs LSÓ með Steingerði Steinarsdóttur leiðsögumanni sem tekið hefur að sér að sjá um kynningarmál varðandi menningarlandslag á Laugarnesi. Þann 25. febrúar 2010 var haldinn fundur stjórnar LSÓ og fulltrúaráðs um sama málefni og var Margræti Hallgrímsdóttur formanni Safnaráðs og Þjóðminjaverði boðið sem áheyrnarfulltrúi með tillögurétt. Náttúrufræðistofnun hefur, að beiðni safnsins, unnið nýja gróðurfarsskýrslu yfir Laugarnes.

Þessar aðgerðir hafa leitt til þess að stór hluti þess svæðis sem íbúi Laugarnestanga 65 hafði lagt undir sig austan lóðarmarka var ruddur og lagður þökum og stórgrýti fjarlæggt af fornminjum. Áætlanir um að fjarlægja annað dót utan lóðarmarka hafa enn að engu orðið.

Fjöldi safngesta

árið 2009 var um 2600.

Aðgangseyrir

Ekki hefur verið tekinn aðgangseyrir að sýningum safnsins síðan 2008.

Safnið er almennt opið

1. júní – 15. sept.: Opið alla daga nema mánudaga kl. 14 – 17.

16. sept. – 31. maí: Opið laugardaga og sunnudaga kl. 14 – 17.

Í desember og janúar er safnið aðeins opið samkvæmt samkomulagi. Allar nánari upplýsingar um hvenær safnið er opið má nálgast á netsíðu safnsins www.LSO.is.

Starfsmenn

Í föstu starfi hjá safninu er Birgitta Spur og Geirfinnur Jónsson. Yfir sumar mánuðina starfar lausráðið fólk við gæslu og önnur störf. Á árinu 2009 voru lausráðnir við safnið: Sigrún Jónsdóttir, Júlía Mogensen, Jón H. Geirfinnsson og Böðvar Ingi H. Geirfinnsson.

Aðalfundur LSÓ

var haldinn 8. júní 2009.

Stjórnarfundur

var haldinn 22. október 2009 og þann 5. nóvember voru send erindi í tölvupósti til stjórnarmanna sem þeir voru beðnir að taka afstöðu til. Meiri hluti stjórnar samþykkti erindin. Enn fremur voru haldnir fundir um umhverfismál á vegum stjórnar og fulltrúaráðs dagana 15. og 22. júní 2009 og þann 25. febrúar 2010.

Stjórn LSÓ

Eftir aðalfund LSÓ 8. júní 2009 skipa stjórn safnsins: Birgitta Spur (formaður), Hlíf Sigurjónsdóttir, Æsa Sigurjónsdóttir, Anna Einarsdóttir og Vikar Pétursson. Varamenn eru Geirfinnur Jónsson og Karólína Eiríksdóttir.

Fulltrúaráð LSÓ

Eftir aðalfund LSÓ 8. júní 2009 skipa fulltrúaráð þau: Anna Einarsdóttir, Ágúst Einarsson, Björg Þorsteinsdóttir, Gísli Sigurðsson, Guðrún Agnarsdóttir, Guðrún Pétursdóttir, Karólína Eiríksdóttir, Kolbrún Halldórsdóttir, Pétur Guðmundsson (varaformaður), Sigmundur Guðbjarnason (formaður), Vikar Pétursson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Endurskoðandi safnsins er

Árni Snæbjörnsson löggiltur endurskoðandi hjá Ernst & Young hf.

Sumartónleikar LSÓ 2009

Þriðjudaginn 7. júlí

Emilía Rós Sigfúsdóttir flautuleikari og **Siu Chui Li** píanóleikari. *Gullmolar og goðsagnir.*

Sónata í e moll BWV 1034 eftir J.S. Bach, *Sónatína* eftir Pierre Sancan, *Rising from the Ashes* eftir Tarek Younis og *Inngangur og tilbrigði um „Trockne Blumen“* eftir Franz Schubert.

Þriðjudaginn 14. júlí

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanóleikari.

Tillit I-X úr *Vingt regards sur l'Enfant-Jésus* (Tuttugu tillit til Jesúbarnsins) eftir Olivier Messiaen.

Þriðjudaginn 21. júlí

Claudia Kunz sópran og **Ulrich Eisenlohr** píanóleikari.

Þýskir og franskir ljóðasöngvar eftir Joseph Haydn, Johannes Brahms, Claude Debussy og Gustav Mahler.

Þriðjudaginn 28. júlí

Grímur Helgason klarinettuleikari og **Hrönn Þráinsdóttir** píanóleikari.

Petite pièce – Première Rhapsodie eftir Claude Debussy, *Fjögur íslensk þjóðlög* eftir Þorkel Sigurbjörnsson, *Sonata* eftir Arnold Bax og *Sonata* eftir Francis Poulenc.

Þriðjudaginn 4. ágúst

Elfa Rún Kristinsdóttir fiðluleikari og **Michael Rauter** sellóleikari.

Dúó fyrir fiðlu og selló eftir Heinz Holliger, *Dúó fyrir fiðlu og selló í D dúr* eftir Joseph Haydn, *Study I for 'Treatise on the Veil'* eftir Matthias Pintscher, *Die Kunst der Fuge - Canon alla Ottava* eftir J.S. Bach, *Hunem-Iduhey* eftir Iannis Xenakis og *Dúó fyrir fiðlu og selló nr. 1, H157* eftir Bohuslav Martinu.

Þriðjudaginn 11. ágúst

Tvíeykið **Funi. Bára Grímsdóttir** og **Chris Foster**

Íslensk og ensk þjóðlög við undirleik gítara, kanteleu, íslenskrar fiðlu og langspils. Jafnhliða sýndu þau skuggamyndir sem gáfu heillandi innsýn í lögin.

Þriðjudaginn 18. ágúst og

endurteknir miðvikudaginn 19. ágúst

Einar Clausen tenór og **Lenka Mátéová** píanó. *Sumarkvöld við sæinn.*

Íslensk og erlend þjóðlög og sönglög úr ýmsum áttum og frá ýmsum tímum.

Þriðjudaginn 25. ágúst

Anna Guðný Guðmundsdóttir píanó, **Snorri Sigfús Birgisson** píanó og slagverk og **Pétur Grétarsson** slagverk og harmonikka.

Fünf Stücke fyrir píanó, fjórhent, eftir Györgi Ligeti. *Fimm kvæði* fyrir slagverk og píanó eftir Snorra Sigfús Birgisson - **frumflutningur**, *Anna Magdalena spilar menú-ett á miðilsfundi* og *Sirkus Finnkattar Finsen* eftir Ólaf Óskar Axelsson - **frumflutningur**, *4 lög úr Norður-Múlasýslu* (2008) eftir Snorra Sigfús, leikið fjórhent á píanó, *Cappuccino* (2009) eftir Ólaf Óskar. Að lokum var **frumflutt** splunkunýtt verk Snorra *Í Laugarnesi*